

FUNDARGERÐ LANDBÚNAÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA.

144. fundur Landbúnaðarráðs Húnaþings vestra haldinn miðvikudaginn 19. október 2016 kl. 13:00 í Ráðhúsi Húnaþings vestra.

Fundinn sátu:

Jóhann Ragnarsson, formaður, Sigtryggur Sigurvaldason, aðalmaður, og Sigríður Ólafsdóttir, aðalmaður. Þórarinn Óli Rafnsson aðalmaður og Matthildur Hjálmarsdóttir, aðalmaður voru með í síma.

Embættismenn:

Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri.

Fundarritari:

Guðný Hrund Karlsdóttir

Dagskrá:

1. Úrskurður forsætisráðuneytisins vegna veiði í þjóðlendum
2. Önnur mál

Afgreiðslur:

1. Unnur Valborg Hilmarsdóttir oddviti sveitarstjórnar sat fundinn undir þessum lið. Sveitarstjóri fór yfir úrskurð Forsætisráðuneytisins vegna fuglaveiða í þjóðlendum. Sveitarstjórn vísaði fyrri ákvörðun landbúnaðarráðs um veiðilendur aftur til ráðsins þar sem sem sú ákvörðun byggði á því að úrskurður lá ekki fyrir frá Forsætisráðuneytinu. Landbúnaðarráð leggur til að seld verði veiðileyfi í eignarlöndum Húnaþings vestra með takmörkunum. Í landi Gafls og Lækjarkots í Víðidal verði leyfðar 4 byssur á dag. Í eignarhlut Húnaþings vestra í Víðidalstunguheiði ásamt jörðunum Króki, Stóru-Hlíð, Stóra-Hvarfi og Öxnatungu verði leyfðar 4 byssur á dag. Í eignarhlut Húnaþings vestra í Arnarvatnsheiði og Tvidægri verði leyfðar 4 byssur á dag. Veiðileyfi á þessi svæði verði seld í Dæli. Veiðileyfi kosti árið 2016 kr. 9.000 á dag og fylgi kort með. Sveitarstjóra verði falið að semja við aðila um eftirlit með veiðum í eignarlöndum Húnaþings vestra. Fyrir næsta veiðiár er lagt til að stefnt verði að því að búið verði að hnitsetja öll eignarlönd Húnaþings vestra sem selt er í. Landbúnaðarráð hvetur sveitarstjórn til að skoða stöðu sveitarfélagsins í kjölfar úrskurðar Forsætisráðuneytisins með lögfræðingi og meta hvort ástæða sé til að fara með málið fyrir dómstóla.
2. Önnur mál
 - a. Engin önnur mál

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 14:38

Jóhann Ragnarsson

Sigtryggur Sigurvaldason

Matthildur Hjálmarsdóttir

Sigríður Ólafsdóttir

Guðný Hrunn Karlsdóttir

Þórarinn Óli Rafnsson